



Fundur í hafnarnefnd

18. fundur hafnarnefndar Langanesbyggðar haldinn að Fjarðarvegi 3 Þórshöfn, þriðjudaginn 11. september 2018 og hófst kl. 17:00

Mættir voru: Halldór Stefánsson formaður, Aðalbjörn Arnarsson, Jóhann Ægir Halldórsson, Jónas Jóhannsson og Jónas Egilsson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Tillaga um breytta staðsetningu nýs krana
2. Tilboð í nýjan hafnarkrana á Bakkafirði
3. Önnur mál

1. Tillaga um breytta staðsetningu nýs krana

Bókun sveitarstjórnar frá 87. fundi lögð fram.

Samþykkt um afgreiðslu: Hafnarnefnd lýsir sig sammála afgreiðslu sveitarstjórnar. Samþykkt samhljóða.

2. Tilboð í nýjan krana á Bakkafirði

Tilboð lagt fram frá Ásafli ehf. nr. 100.17 ásamt teikningum af nýjum krana.

Samþykkt um afgreiðslu: Nefndin tekur undir afgreiðslu sveitarstjórnar frá 87. fundi hennar og felur sveitarstjóra að hefja undirbúning að kaupum nýs krana sem fyrst í samráði við hafnarvörð.

Samþykkt samhljóða.

3. Önnur mál

- Minnisblað frá hafnarverði í sex liðum lagt fram til upplýsinga.
 - Beituskúrinn, Eyrarvegi 1. Nefndin leggur til að skoðað verði hvernig nýta megi aðstöðu fyrir hafntengda þjónustu í húsinu, svo sem geymslu, snyrtiaðstöðu, vinnuaðstöðu fyrir hafnarvörð o.fl.
- Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:45.